

**38. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um kennslubók í sögu handa
hinum lærða skóla í Reykjavík.**

1863.

30. maím.

Með bréfi 25. febrúarm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað tvær bænarskrár, aðra frá Páli Melsted, settum málaflutningsmanni við landsyfirréttinn, um að íslensk þýðing á kennslubók Bohrs í mannkynssögunni, sem hann hefir byrjað á, verði útgefin á kostnað hins lærða skóla í Reykjavík og síðan notuð við sögukennsluna í skólanum í staðinn fyrir bók þessa á frummálinu, og að sér verði veitt hæfileg borgun fyrir starfa sinn, — hina frá Jens Sigurðssyni, yfirkennara við skólann, um að honum verði veittir 200 ríkisdalir í ritlaun fyrir frumritaða kennslubók í gömlu sögunni handa skólanum, sem hann er farinn að semja og styðst við áðurgreinda kennslubók Bohrs.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það hlutadeigendum, að stjórnarráðið ekki getur tekið til greina bænarskrá Melsteds, sem að ofan er getið, en þegar handritið til hinnar nýju kennslubókar, sem Jens Sigurðsson yfirkennari hefir byrjað á, sé fullbúið, þá megi hann gjöra sér von um, að honum verði veittur hæfilegur fæstyrkur, ef skólameistarinn, ásamt tveim öðrum mönnum, er skyn bera á, og sem yður skal á hendur falið að kveðja til þess, álíta að handritið sé svo úr garði gjört, að bókin geti náð tilgangi sínum; en þér eruð beðnir um að stinga uppá, þegar þar að kemur, hve mikill styrkur þessi eigi að vera.

**39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Havsteins amt-
manns¹, um undanfærslu manns að taka við bæjar-
fulltrúakosning á Akureyri.**

30. maím.

Kjörstjórnin, er stýrði hinni almennu bæjarfulltrúakosning á Akureyri, hefir í meðfylgjandi bréfi með fylgiskjali leitað úr-

¹) Havstein amtmaður var þá staddur í Kaupmannahöfn.